

65.fundur

8. maí 2015

1002008SA BOH
Málalykill: 524

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

65. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn föstudaginn 8. maí 2015 að Borgartúni 30 og hófst hann kl. 08:30.

Mætt voru f.h FT, Sigrún Grendal og Guðbjörg Sigurjónsdóttir, af hálfu SNS mættu Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Útreikningar á sumarhluta launa tónlistarkennara v. verkfalls í október og nóvember 2014. – 1505008SA

Niðurstaða

Ekki náðist samstaða um málið í samstarfsnefnd.

Fulltrúar SNS telja skýrt að félagsmenn í FT, nú Félagi kennara og skólustjóra í tónlistarskólum, sem voru í verkfalli frá 22. október til 24. nóvember 2014 hafi tekið upplýsta ákvörðun um boðun verkfalls. Að mati SNS hefur sú ákvörðun skýrar afleiðingar með vísan til laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Í verkfalli falla skyldur ráðningarsamnings niður en ráðningarsamband aðila helst. Launagreiðslur og aðrar kjarasamningsbundnar greiðslur þ.m.t. sumarhluti launa skerðist vegna þeirra daga sem félagsmenn eru í verkfalli.

Í kjarasamningi segir að skóladagar nemenda skuli vera á tímabilinu 20. ágúst til 5. júní og skal starfstíminn aðlagður starfstíma grunnskóla á sama svæði þannig að frávik nemi ekki meira en tveimur vikum. Lengd skólaársins (starfstími nemenda) hefur þannig áhrif á hvernig félagsmenn skila árlegu vinnuframlagi.

Sveitarfélögum ber því að skerða sumarhluta launa eftir því hvort starfstíminn er 35, 36, 37, 38 eða 39 vikur. Fulltrúar SNS þekkja ekki dæmi þar sem skóli nýtir sér heimild til kennslu í 38 eða 39 vikur. Út frá þeim upplýsingum hefur Kjarasvið sambandsins reiknað skerðinguna á sumarhluta launa með eftirfarandi hætti:

37 vikna starfstími (9,5 mánaða starfstími nemenda) - Skerðing 29,72%

36 vikna starfstími (9,25 mánaða starfstími nemenda) - Skerðing 33,47%

35 vikna starfstími (9 mánaða starfstími nemenda) - Skerðing 37,47%

Fulltrúar FT í samstarfsnefnd vilja bóka eftirfarandi:

1. **Með bókun þessari vill FT áréttta að félagið er ekki sammála SNS um framkvæmd skerðingar á sumarlaunum tónlistarkennara vegna verkfalls sl. haust. Félagið getur hvorki tekið undir rökfærslu SNS fyrir skerðingu sumarlauna (sem tekur ekki til þess að vinnuskylda tónlistarkennara er allt árið) né útreikninga SNS ef til skerðingar kæmi (sem fylgja ekki meginlínunum ákvæða í kjarasamningi).**
2. **Í gr. 2.1.5 í kjarasamningi FT og SNS koma fram meginlínur varðandi starfstíma tónlistarskóla:**

„Skóladagar nemenda skulu vera á tímabilinu 20. ágúst til 5. júní og skal starfstíminn aðlagður starfstíma grunnskóla á sama svæði þannig að frávik nemi ekki meira en tveimur vikum. Tónlistarskólum er heimilt að taka upp vetrarleyfi nemenda og sveigjanlegt upphaf og lok skólastarfs með samþykki fræðslufyrvalda hlutadeigandi sveitarfélags. Skólastarf skal þó ekki hefjast fyrr en 15. ágúst og ljúka ekki síðar en 15. júní.“

- *Tilvísun í reglugerð nr. 132/1992 um starfstíma er þar með felld úr gildi.*
- Vinnutími kennara í fullu starfi skal vera 40 klukkustundir á viku til jafnaðar yfir árið.

Komi skerðing á sumarlaunum kennara vegna verkfalls sl. haust til álita telur FT eðlilegt að horft sé til gr. 2.1.5 í kjarasamningi FT og SNS í útreikningum. FT telur útreikninga eiga að miðast við meginlínur um starfstíma tónlistarskóla þ.e., starfstíma sem er aðlagður að starfstíma grunnskóla á sama svæði. Þannig skyldi miða útreikninga við 9,5 mánaða skólaár eins og gert var vegna annaruppbótar.

Framangreint byggir m.a. á eftirfarandi:

- Í „force majeure“ ákvæðum eru vinnudeilur tilgreindar sem óviðráðanleg ytri atvik (s.s. í þjónustusamningum tónlistarskóla í Reykjavík við Reykjavíkurborg) og í slíkum tilfellum gjalda aðilar ekki fyrir.
 - Skóladagatal er lagt fyrir að vori en ákvörðun um framkvæmd atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um boðun verkfalls var tekin í september (atkvæðagreiðsla fór fram 30. sept. - 6. okt.). Af þessu leiðir að á þeim tíma sem skóladagatal var kynnt höfðu kennarar engar forsendur til að móta afstöðu sína gagnvart sveigjanlegum starfstíma skóla með hliðsjón af hugsanlegri skerðingu sumarlauna að ári liðnu.
 - FT telur hvorki eðlilegt né sanngjarnt að tiltekinn sveigjanleiki í framkvæmd kjarasamninga (sbr. leyfilegt tveggja vikna frávik í lengd starfstíma), sem er íþyngjandi fyrir kennarann, sé látinn koma niður á kjörum kennara í undantekningartilfellum eins og þeim sem hér um ræðir (til viðbótar því álagi sem sveigjanleikinn hefur í för með sér).
3. **FT er ekki sammála því að skerðing á sumarlaunahluta tónlistarkennara sé sjálfgefin. Í því sambandi bendir félagið m.a. á tvennt: Fordæmi er ekki fyrir hendi né eru starfsskyldur kennara utan starfstíma skóla teknar inn í myndina.**
- Með vísan til viðtekinna venja þess efnis að samið er sérstaklega um verkfallslök í kjarasamningi aðila er það von Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum að samkomulag um útfærslu óskertra sumarlauna hafi náðst í sem flestum skólum/sveitarfélögum.

- Umræðu þessa efnis var hafnað af SNS í kjaraviðræðum aðila og þótti FT þar hart gengið fram gegn tónlistarkennurum, - enda framgangun fordæmalaus.
- Horft hefur verið til þess að því fylgir viðbótar vinna og álag að ljúka námsönn að afloknu verkfalli, - í mörgum tilfellum gætir áhrifanna allt skólaárið tengt einstaklingsnámskrám nemenda.
- Nokkur sveitarfélög hafa nú þegar samið við sína kennara um útfærslu sem gerir ráð fyrir óskertum sumarlaunum.

Hér á eftir eru nokkur dæmi sem sýna hvað samið hefur verið um í kjölfar verkfalla (*samningar um verkfallslok hafa ýmist falist í eingreiðslum, samkomulagi um óskert sumarlaun eða hvorutveggja*):

- Eftir verkfall tónlistarkennara haust 2001 (5 vikur) var samið um 50.000 kr. eingreiðslu og óskert sumarlaun þrátt fyrir verkfall.
- Eftir verkfall grunnskólakennara haust 2004 var samið um 130.000 kr. eingreiðslu sem kom til útborgunar eins fljótt og unnt var og 75.000 kr. eingreiðslu sem var greidd út 1. júlí 2005. Hér kom til skerðingar á sumarhluta launa.
- Eftir verkfall framhaldsskólakennara vorönn 2014 (3 vikur) var samkomulagert um skólalok. Samið var um 40.000 kr. eingreiðslu og óskert sumarlaun þrátt fyrir verkfall.
- Eins dags verkfall grunnskólakennara sl. vor var ekki reiknað til skerðingar á sumarlaunum.
- Í kjölfar verkfalls tónlistarskólakennara haustið 2014 (5 vikur) var samið um 50.000 kr. eingreiðslu. Umræðu um verkfallslok í tengslum við skólastarf var hafnað af SNS.

4. Að því gefnu að til skerðingar kæmi á sumarlaunahluta tónlistarkennara ættu ýtrustu útreikningar að fara skv. eftirfarandi, sbr. tilvísun félagsins hér að framan til forsenda í kjarasamningi sem leggja ætti til grundvallar.

- Útreikningar miðast við 9,5 mánaða starfstíma skóla (sbr. meginlínur um lengd starfstíma tónlistarskóla í gr. 2.1.5 í kjarasamningi).
 - Ávinnsla sumarorlofs reiknast því þannig: $12/9,5 = 1,2632$ (ávinnsla á mánuði vegna sumarlauna er þá 0,2632 mánuður).
- Við útreikninga á starfstíma, eins og þá sem um ræðir, er notað meðaltal virkra daga í mánuði, þ.e. 21,67 virkur dagar. Útreikningar á vinnudögum í verkfallsmánuðunum eru því eftirfarandi:
 - Vinnudagar í október voru $15/21,67 = 0,6922$
 - Vinnudagar í nóvember voru $4/21,67 = 0,1846$
 - Samtals 0,8768 mánaðarlaun fyrir október og nóvember
 - Verkfallstíminn reiknast sem 1,1232 mánuður
- Útreikningar vegna haustannar eru því eftirfarandi:
 - Ágúst 0,25 mánuður
 - September 1,0 mánuður
 - Október 0,6922 mánuður
 - Nóvember 0,1846 mánuður
 - Desember 1,0 mánuður
 - Haustönn reiknast því sem 3,1268 mánuðir

- Vorönnin reiknast sem 5,25 mánuðir
- d. Skólaárið reiknast 8,3768 mánuðir samtals. Með ávinnslu orlofs reiknast það 10,5816 mánuðir ($8,3768 \times 1,2632 = 10,5816$).
- e. Upp á ávinnslu fullra árslauna (12 mánuðir) vantar því 1,4184 mánuð ($12 - 10,5816 = 1,4184$).
- f. Í útreikningunum hér fyrr er búið að draga af laun sem nemur verkfallstímanum (1,1232 mánuðir). Sá tími er hluti þess sem vantar upp í útreikninga fullra árslauna í e. lið og dregst því frá 1,4184 mánuðinum ($1,4184 - 1,1232 = 0,2972$).
- g. Eftir stendur 0,2972 mánuður sem er sumarlaunahluti vegna verkfallstímans.

Komi skerðing sumarlaunahluta til álita vegna verkfalls sl. haust fela ýtrustu útreikningar félagsins í sér 29,72% skerðingu af einum mánaðarlaunum.

5. FT ítrekar að skerðing sumarlauna er alls ekki sjálfgefin. Í því sambandi er m.a. bent á að tónlistarkennarar þurfa að rækja starfsskyldur sínar yfir allt árið en ekki er tekið tillit til þess í framangreindum útreikningum (né útreikningum SNS).

- Verkfall hefur ekki áhrif á vinnuskyldu kennara á starfsdögum fyrir og eftir kennslutímabil (8 dagar).
- Verkfall hefur ekki áhrif á allt að 150 klst. vinnuskyldu kennara utan starfstíma skóla sem tengist símenntun/starfsþróun og undirbúningi kennslu.
- **Með réttu ættu þessir hlutar af vinnuskyldu kennara að skerðast í sömu hlutföllum og árslaun kennara, sbr. útreikninga að framan, ef farin væri sú leið að skerða sumarlaunahluta kennara. Þannig ættu vinnuskil kennara einungis að vera 88,18% af tilgreindum vinnuþáttum utan kennslutímabils.**

Að öðrum kosti fæli framkvæmdin í sér að launakjör væru orðin lakari en kjarasamningar kveða á um og slíkt stangast á við lög.

Hins vegar á það sama við hér og nefnt var varðandi skerðingu sumarlauna – það eru engin fordæmi fyrir þessari framkvæmd, þ.e. að útreikningar teygji sig svo langt inn í skólastarf.

Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum hvetur kennara, skólastjórnendur og sveitarstjórnarmenn til samræðu og samráðs við útfærslu þess máls sem um ræðir með sanngjarna niðurstöðu og sátt að markmiði.

Önnur mál

Erindi sem bíða fyrirtöku í samstarfsnefnd og FT lagði fram til kynningar. Þau verða tekinn fyrir á næsta fundi.

1. Erindi um það hvort sveitarfélögum er heimilt sé að skerða laun þeirra skólastjóra sem höfðu undanþágu vegna stjórnunarhluta starfsins í verkfalli FT. Skerðingin tæki þá til kennsluhluta starfsins
2. Erindi er varðar launasetningu kennara sem tók að sér tímabundna skólastjórnun við tónlistarskólann á Ísafirði.
3. Kjarasamningsbrot í tónlistarskóla.

Fundi slitið klukkan 10:30.